Hagtíðindi
Statistical Series

Iðnaður
Manufacturing

2007:1 • 2. júlí 2007

# Verðmæti seldra framleiðsluvara 2006

*Value of sold production 2006*

*Samantekt*

**Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2006 var 357 milljarðar sem er aukning um tæpan 61 milljarð frá árinu 2005 og 3,3% að raungildi. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2006 án fiskvinnslu var 242 milljarðar samanborið við 195 milljarða árið 2005, sem er aukning um rúma 47 milljarða milli ára. Í 13 atvinnugreinum af 17 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara. Hlutdeild atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er stöðug milli áranna 2005–2006 þar sem hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar er stærst, með 49,5% af heildarverðmæti árið 2006, þar af 32,2% vegna fiskvinnslu.**

## Iðnaðarskýrslur

*Um skýrslugerðina*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2006. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, og má þannig bera saman framleiðslu hérlendis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þ.m.t. viðgerðarþjónusta.

*Þátttakendur*

Iðnfyrirtæki sem voru með yfir 30 milljónir króna í veltu á árinu 2006 samkvæmt virðisaukaskattskýrslum fengu sent eyðublað til útfyllingar, alls 608 fyrirtæki. Fyrirtækjum í fiskvinnslu og mjólkurðinaði voru þó ekki sendar skýrslur því upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum og söluverðmæti mjólkurafurða frá SAM (Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði). Velta fyrirtækjanna vegna iðnaðarstarfsemi árið 2006 er 357 milljarðar króna. Alls veittu 396 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 28 fyrirtæki reyndust ekki eiga heima í könnuninni en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 90% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra rúmlega 600 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 95% af heildarveltu iðnfyrirtækja í landinu.

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara er sem fyrr birt með og án söluverðmætis í fiskvinnslu, en fiskvinnsla er langstærsta einstaka atvinnugreinin, með 24,4% hlutdeild í heildarverðmæti árið 2006.

*Talnaefni*

Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er síðan sundurliðað niður á 3–9 stafa PRODCOM vörunúmer. Alls eru birtar upplýsingar yfir um 130 vörutegundir. Verðmæti þeirra vörutegunda, sem ekki er sérstaklega sundurliðað er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ót.a.“ Við þá tölu

Hagstofa Íslands

bætast enn fremur verðmæti viðgerðarþjónustu þar sem það á við. Fyrir hverja vöru er tilgreind magneining, fjöldi framleiðenda, magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Frá þessari reglu er vikið hvað varðar tölur um fiskvinnslu en þær sýna *áætlaða heildarframleiðslu til útflutnings* samkvæmt útflutningsskýrslum.

**Mynd 1. Hlutdeild atvinnugreina í verðmæti seldra framleiðsluvara 2003–2006**
*Figure 1. Share of industries in total value of sold production 2003–2006*




*Reglur um birtingu talna*

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki eru þannig að þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu, eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild, eru sundurliðaðar niðurstöður fyrir þau ekki birtar nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Þar við bætist að framleiðsla á sumum vörutegundum er of lítil til að hægt sé að birta fulla sundurliðun hennar. Reynt er að fella slíkar vörur inn í aðra yfirflokka með skyldum vörutegundum, en þegar það er ekki unnt eru þær færðar undir safnliðinn „Aðrar vörur ót.a.“.

**Mynd 2. Verðmæti seldra framleiðsluvara (án fiskvinnslu) 2005 og 2006**
*Figure 2. Value of sold production (excl. fish production) 2005 and 2006*




**Skýringar** *Notes*: Myndin sýnir ekki verðmæti seldra fiskafurða sem voru 102 milljarðar árið 2005 og 115 milljarðar árið 2006. *The figure does not show the value of sold fish production which amounted to 102 billion ISK in 2005 and 115 billion ISK in 2006 (for english translation see table 1)*.

## Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

*Heildarverðmæti 357 milljarðar árið 2006, 3,3% raunhækkun*

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 357 milljarðar árið 2006 en var 296 milljarðar árið 2005, sem er 20% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 16,8% og jafngildir þetta 3,3% hækkun á raunverðmæti. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara án fiskvinnslu jókst um rúm 24% milli áranna 2005 og 2006, en það jókst úr 195 milljörðum árið 2005 í 242 milljarða árið 2006. Ef breytingin er núvirt með vísitölu framleiðsluverðs fyrir annan iðnað er raungildishækkunin 8,3%, en vísitalan hækkaði um 14,6%.

*Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um rúm 13% milli ára*

Heildarverðmæti útfluttra fiskafurða jókst um rúm 13% frá árinu 2005, úr 102 milljörðum í 115 milljarða árið 2006. Á sama tíma hefur magnið minnkað um 14%, úr 657 þúsund tonnum árið 2005 í 571 þúsund tonn árið 2006.

*Meiri verðmæti í 13 atvinnugreinum af 17*

Milli áranna 2005 og 2006 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara í 13 atvinnugreinum en dróst saman í fjórum. Framleiðsla málma jókst einna mest, fór úr 41,8 milljörðum í 67,3 milli ára, sem er 61,2% aukning. Hún er til komin vegna aukinnar framleiðslu á hreinu óunnu áli og hækkunar á heimsmarkaðsverði áls. Í gler-, leir og steinefnaiðnaði nam aukningin 35,1% eða rúmum fimm milljörðum króna, úr 14,7 milljörðum 2005 í 19,9 milljarða. Aukning varð um 33,3% í samanlögðum flokkum framleiðslu og viðgerðum rafmagnsvéla og tækja annars vegar og framleiðslu fjarskiptabúnaðar og tækja hins vegar. Í útgáfustarfsemi jókst verðmæti seldrar framleiðslu um 26%, úr 17,9 milljörðum í 22,6 milli ára. Í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði nam aukningin 12,5%, en verðmæti seldrar framleiðslu fór úr 157 milljörðum í 177 milljarða milli ára. Verðmæti fiskvinnslu

jókst þar af um 13,1%, úr 102 milljörðum í 115. Framleiðsla matvæla- og drykkjarvöru, án fiskvinnslunnar, fór úr 55,2 milljörðum í 61,5 milli ára, 11,4% aukning.

Milli áranna 2005 og 2006 varð samdráttur mestur hlutfallslega í fata- og leðuriðnaði þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara minnkaði um 60 milljónir eða um 11,2%. Í efnaiðnaði nam samdrátturinn 6,2%, þar sem verðmæti lækkaði úr 10,5 milljörðum í 9,8. Samdráttur í pappírsiðnaði nam 5,5% og í framleiðslu vélknúinna ökutækja 0,4%.

*Hlutur atvinnugreina*

Þegar litið er á hlutdeild einstakra atvinnugreina í heildarverðmæti seldra framleiðsluvara á árunum 2003 til 2006 má sjá að hún er nokkuð stöðug milli ára. Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla vegur þyngst öll árin, hlutdeild þeirra greina hefur verið á bilinu 50–57% en farið lækkandi.

## English summary

Total value of sold production amounted to 357 billion ISK in 2006 and increased by 61 billion ISK from previous year, 3.3% in real terms. The value of sold production increased in 13 out of 17 industries during this period. Apart from the smallest industries a considerable growth was in manufacture of basic metals, 61.2%, in manufacture of non-metallic mineral products, 35.1%, and in publishing, printing and reproduction of recorded media, 26%.

The share between industries was relatively stable between 2005 and 2006. The share of food and beverage manufacture dominated other industries with a share of 49.5% in 2006 (12.5% increase from previous year), thereof 35% in fish production (13.1% increase from previous year).

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2003–2006**
*Table 1. Value of sold production 2003–2006*

| | | 2003 | |
|---|---|---|---|
| | | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| 14 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu *Mining and quarrying* | 1.682 | 0,6 |
| 15 | Matvæla og drykkjarvöruiðnaður *Manufacture of food products and beverages* | 159.880 | 56,6 |
| 15.2/15.4 | Þar af fiskvinnsla *Thereof fish production* | 104.580 | 37,0 |
| 17 | Textíliðnaður *Manufacture of textiles* | 3.069 | 1,1 |
| 18 | Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna *Manufacture of wearing apparel; dressing and dyeing of fur* [1] | 815 | 0,3 |
| 19 | Leðuriðnaður *Manufacture of leather products* | 35 | 0,0 |
| 20 | Trjáiðnaður *Manufacture of wood products* | 2.896 | 1,0 |
| 21 | Pappírsiðnaður *Manufacture of paper and paper products* | 1.957 | 0,7 |
| 22 | Útgáfustarfsemi og prentiðnaður *Publishing, printing and reproduction of recorded media* | 14.078 | 5,0 |
| 24 | Efnaiðnaður *Manufacture of chemicals and chemical products* | 13.517 | 4,8 |
| 25 | Gúmmí og plastvöruframleiðsla *Manufacture of rubber and plastic products* | 4.637 | 1,6 |
| 26 | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður *Manufacture of non-metallic mineral products* | 8.410 | 3,0 |
| 27 | Framleiðsla málma *Manufacture of basic metals* | 41.649 | 14,7 |
| 28/29 | Málmsmíði og viðg. / Vélsmíði og vélaviðg. *Fabricated metal products/machinery and equipment* | 16.938 | 6,0 |
| 31/32 | Framl. og viðg. rafmagnsvéla/tækja / fjarskiptabúnaðar/tækja *Manufacture of el. machinery / communication equipment* [2] | 990 | 0,4 |
| 33 | Framl. á lækn.tækjum, mæli- og ranns.tækjum, úrum o.fl *Man. of medical, precision and optical instr.* | 3.037 | 1,1 |
| 34 | Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla *Manufacture of motor vehicles and trailers* | 274 | 0,1 |
| 35 | Framleiðsla annara farartækja *Manufacture of other transport equipment* | 5.639 | 2,0 |
| 36 | Húsg.iðnaður, skartgripasmíði, hljóðf.smíði og annar iðnaður *Man. of furniture: manufacturing n.e.c* | 3.083 | 1,1 |
| | **Alls *Total*** | **282.587** | **100,0** |
| | **Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara fyrir utan fiskvinnslu** ***Total value of sold production excluding fish production*** | **178.007** | **63,0** |

*Árið 2003 voru veltumörk fyrirtækja í úrtaki hækkuð úr 15 milljónum í 30. In the year 2003 the annual turnover threshold was raised from 15 million ISK to 30 million ISK..*

[1] Árin 2004, 2005 og 2006 er verðmæti lagt saman fyrir vörunúmer 18 og 19 vegna of fárra fyrirtækja í atvinnugrein 19. *In 2004, 2005 and 2006 the value is for Prodcom numbers 18 and 19 because of too few enterprises in NACE 19.*

[2] Árin 2004, 2005 og 2006 er eingöngu um vörunúmer 31 að ræða. *In 2004, 2005 and 2006 the numbers are for Prodcom number 31 only.*

| 2004 | | 2005 | | 2006 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | *%* | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | *%* | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | *%* |
| 1.475 | 0,5 | 1.440 | 0,5 | 1.738 | 0,4 |
| 166.645 | 55,1 | 156.966 | 53,5 | 176.550 | 37,4 |
| 113.223 | 37,4 | 101.735 | 25,6 | 115.026 | 24,4 |
| 3.235 | 1,1 | 2.660 | 0,9 | 2.970 | 0,6 |
| 725 | 0,2 | 512 | 0,2 | 455 | 0,1 |
| 3.387 | 1,1 | 3.440 | 1,2 | 3.845 | 0,8 |
| 1.867 | 0,6 | 1.675 | 0,6 | 1.583 | 0,3 |
| 16.290 | 5,4 | 17.917 | 5,9 | 22.567 | 4,8 |
| 15.709 | 5,2 | 10.492 | 3,5 | 9.837 | 2,1 |
| 4.818 | 1,6 | 4.905 | 1,7 | 5.794 | 1,2 |
| 11.013 | 3,6 | 14.696 | 5,0 | 19.861 | 4,2 |
| 42.881 | 14,2 | 41.767 | 13,3 | 67.327 | 14,3 |
| 19.142 | 6,3 | 21.430 | 7,6 | 24.513 | 5,2 |
| 855 | 0,3 | 936 | 0,3 | 1.248 | 0,3 |
| 4.514 | 1,5 | 4.756 | 1,6 | 5.480 | 1,2 |
| 295 | 0,1 | 398 | 0,1 | 397 | 0,1 |
| 6.320 | 2,1 | 8.329 | 2,8 | 8.357 | 1,8 |
| 3.327 | 1,1 | 3.923 | 1,3 | 4.231 | 0,9 |
| **302.497** | **100,0** | **296.242** | **100,0** | **356.755** | **100,0** |
| **189.274** | **62,6** | **194.507** | **65,7** | **241.729** | **67,8** |

**Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2006**
*Table 2. Sold production 2006*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **14** | **Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, annara en málma** | | | | **1.738,4** |
| 14211210 | Möl í steinsteypu, til vegagerðar o.þ.h. | tonn | 5 | 1.451.267 | 740,8 |
| 14502250 | Vikur, smergil, náttúrulegt kórund og granat og önnur náttúruleg slípiefni | tonn | 4 | 92.663 | 344,1 |
| | Aðrar vörur ót.a | • | … | • | 653,5 |
| **15** | **Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður** | | | | **176.550,3** |
| 151111 | Nýtt eða fryst nautgripakjöt | kg | 12 | 1.818.204 | 1.446,5 |
| 151113 | Nýtt eða fryst svínakjöt | kg | 12 | 858.255 | 578,6 |
| 15111500 | Nýtt lamba- og kindakjöt | kg | 11 | 2.901.554 | 1.935,8 |
| 15111600 | Fryst lamba- og kindakjöt | kg | 6 | 2.506.637 | 1.567,9 |
| 15111800 | Nýtt eða fryst hrossakjöt | kg | 10 | 610.479 | 198,3 |
| 15111900 | Nýr eða frystur innmatur úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitfé eða hrossum | kg | 5 | 189.058 | 34,6 |
| 151211001 | Nýtt eða kælt kjöt af hænsnum eða kjúklingum | kg | 4 | 6.455.521 | 3.154,8 |
| 15131100 | Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað | kg | 11 | 1.494.099 | 1.246,0 |
| 151311002 | Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 11 | 1.120.186 | 1.004,9 |
| 151311009 | Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 7 | | 106,2 |
| 1513121 | Pylsur | kg | 9 | 1.565.727 | 1.037,5 |
| 15131225 | Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté | kg | 5 | 159.687 | 113,7 |
| 15131240 | Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti | kg | 13 | 3.243.382 | 2.267,8 |
| 15131260 | Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | kg | 16 | 2.561.266 | 1.856,6 |
| 15131265 | Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti | kg | 15 | 1.930.662 | 1.591,5 |
| 15131290 | Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat | kg | 9 | 1.116.203 | 851,3 |
| 15199999 | Slátrun og önnur útseld þjónusta | • | 6 | • | 1.032,6 |
| 15201190 | Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur | tonn | … | 23.449 | 15.703,9 |
| 15201210 | Heilfrystur sjávarfiskur | tonn | … | 124.877 | 13.927,8 |
| 15201250 | Fryst fisklifur og hrogn | tonn | … | 9.718 | 2.313,6 |
| 15201270 | Fryst fiskflök | tonn | … | 109.516 | 33.687,1 |
| 15201290 | Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur | tonn | … | 52.379 | 4.653,1 |
| 15201310 | Fín- og grófmalað fiskmjöl og fiskkögglar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi | tonn | … | 2.208 | 804,6 |
| 15201330 | Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt | tonn | … | 14.645 | 6.604,4 |
| 15201353 | Reyktur lax (einnig í flökum) | kg | … | 99.734 | 114,3 |
| 15201355 | Reykt síld (einnig í flökum) | kg | … | 2.449 | 1,2 |
| 15201359 | Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld) | kg | … | 44.990 | 29,4 |
| 15201370 | Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök) | tonn | … | 46.782 | 16.249,1 |
| 15201411 | Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur) | kg | … | 5.945 | 4,5 |
| 15201412 | Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkuð, söltuð, í saltlegi eða reykt) | kg | … | 761.795 | 110,5 |
| 15201419 | Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar) | kg | … | 289.189 | 72,2 |
| 15201430 | Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk) (ekki reyktur fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi, fiskstautar og kavíar) | kg | … | 1.005.063 | 332,1 |
| 15201459 | Kavíarlíki | kg | … | 1.313.931 | 947,5 |
| 15201530 | Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis | kg | … | 2.838.317 | 1.692,0 |
| 15201559 | Vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir | kg | … | 362.357 | 105,5 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2006 (frh.)
*Table 2. Sold production 2006 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 15201600 | Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h. | tonn | … | 17.903 | 6.952,6 |
| 15201700 | Mjöl, gróf- og fínmalað, og kögglar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis | tonn | … | 124.630 | 10.009,4 |
| 15201800 | Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs | tonn | … | 38.552 | 711,2 |
| 1532 | Ávaxta- og grænmetissafi | ltr | 4 | 8.094.034 | 803,1 |
| 1531/1533 | Kartöflur unnar og varðar skemmdur / frystar / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum / fryst | kg | 10 | … | 1.224,2 |
| 15411150 | Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar) | tonn | … | 42.072 | 2.866,8 |
| 15511130 | Mjólk sem í er <= 1% fita, án viðbótarefna | ltr | … | 3.009.047 | 206,2 |
| 15511140 | Mjólk og rjómi sem í er > 1% fita og <= 3%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 15.287.574 | 1.045,0 |
| 15511160 | Mjólk og rjómi sem í er > 3% fita og < = 6%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 14.062.621 | 1.049,4 |
| 15511200 | Rjómi sem í er > 6% fita; ekki kjarnaður eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 2.028.562 | 938,1 |
| 15512030 | Þurrmjólk sem í er <= 1,5% fita (undanrennuduft); ekki með sætum viðbótarefnum | kg | … | 398.113 | 140,1 |
| 15512060 | Þurrmjólk og -rjómi sem í er > 1.5% fita | kg | … | 258.836 | 91,8 |
| 15513030 | Smjör með <= 85% fitu | kg | … | 1.299.522 | 522,7 |
| 15513070 | Mjólkurviðbit með < 80% fitu | kg | … | 343.474 | 123,7 |
| 15514030 | Nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi) | kg | … | 490.986 | 264,6 |
| 15514050 | Rifinn og mulinn ostur, gráðostur og annar óunninn ostur (ekki nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi)) | kg | … | 33.584 | 40,6 |
| 15514070 | Fullunninn ostur (ekki rifinn eða mulinn) | kg | … | 4.176.467 | 3.066,3 |
| 15515243 | Hrein jógurt eða sýrð mjólk (áfir, rjómi eða aðrar gerjaðar mjólkurafurðir án bragðefna eða ávaxta, hneta eða kakós) | kg | … | 2.867.991 | 564,7 |
| 15515245 | Bragðbætt jógurt eða sýrð mjólk (áfir, rjómi eða aðrar gerjaðar mjólkurafurðir blandaðar bragðefnum eða ávöxtum, hnetum eða kakói) | kg | … | 5.312.866 | 1.281,3 |
| 15515250 | Hreint skyr | kg | … | 674.350 | 116,7 |
| 155152501 | Bragðbætt skyr | kg | … | 1.772.468 | 672,6 |
| 15515265 | Súrmjólk | kg | … | 1.352.104 | 141,7 |
| 15515540 | Mysa eða umbreytt mysa í vökva- eða deigformi; með eða án sætrar íblöndunar | kg | … | 244.647 | 14,0 |
| 15515590 | Mjólkurafurðir úr náttúrulegum mjólkurefnum, ót.a. | kg | … | 5.645.796 | 1.858,8 |
| 15521000 | Rjómaís og annar neysluhæfur ís (þ.m.t. frauðís og íspinnar) (en ekki blöndur og grunnefni fyrir mjólkur- eða rjómaís) | ltr | 2 | 3.166.442 | 943,9 |
| 15711010 | Húsdýra- og fiskeldisfóður[1] | tonn | 7 | 81.833 | 3.612,5 |
| 15811100 | Nýtt brauð | kg | 46 | … | 3.679,9 |
| 15811200 | Kökur og sætabrauð; aðrar bakaríisvörur blandaðar sætuefnum | kg | 46 | … | 2.304,2 |
| 1582125 | Sætakex og smákökur, vöfflur og kexþynnur | kg | 8 | … | 403,6 |
| 15821390 | Aðrar bakaðar vörur án sætuefna, ót.a. | kg | 35 | … | 579,1 |
| 15842233 | Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum með fyllingu (þ.m.t. úr rjóma, líkjör eða ávaxtakremi (en ekki súkkulaðikex) | kg | 3 | 106.148 | 86,0 |
| 15842235 | Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum (en ekki fyllt súkkulaði) | kg | 4 | 670.813 | 477,8 |
| 158422901 | Önnur matvæli húðuð eða hjúpuð súkkulaði, svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkrís, karamellur og hlaup | kg | 4 | 999.053 | 551,3 |
| 158422909 | Matvörur með kakói, ót.a.[2] | kg | 5 | 448.555 | 550,1 |
| 15842390 | Sætindi ót.a.[3] | kg | 4 | 844.051 | 486,0 |
| 158611 | Brennt kaffi | kg | 3 | 709.021 | 625,4 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2006 (frh.)
*Table 2. Sold production 2006 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1587 | Krydd og bragðefnaframleiðsla | kg | 8 | 2.430.669 | 531,3 |
| 159610 | Bjór, pilsner og malt | ltr | 2 | 17.418.577 | 5.814,8 |
| 159811 | Vatn, þ.m.t. kolsýrt vatn án sætuefna | ltr | 3 | 8.316.440 | |
| 15981230 | Gosdrykkir (þ.m.t. ölkelduvatn og kolsýrt vatn) með sætu- og bragðefnum | ltr | 2 | 45.407.578 | |
| | Aðrar vörur ót.a | • | … | • | 3.820,9 |
| **17** | **Textíliðnaður** | | | | **2.970,4** |
| 17102000 | Náttúrulegar textíltrefjar unnar fyrir spuna | kg | 1 | 548.803 | 93,8 |
| 1740 | Tilbúin textílvara önnur en fatnaður[4] | … | 6 | … | 418,0 |
| 17521 | Framleiðsla á köðlum, garni og netum | kg | 8 | … | 1.455,6 |
| 17529000 | Viðgerðir á netum og köðlum | • | 10 | • | 670,8 |
| 177 | Prjónaður fatnaður[5] | • | 5 | … | 332,2 |
| **18/19** | **Fataiðnaður, sútun og litun loðskinna** | | | | **455,5** |
| 1824 | Annar fatnaður og fylgihlutir | … | 4 | … | 86,6 |
| 1830/1920 | Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum; leðuriðnaður | • | 7 | • | 317,6 |
| | Aðrar vörur ót.a | • | … | • | 51,3 |
| **20** | **Trjáiðnaður** | | | | **3.845,2** |
| 203011 | Gluggar, hurðagluggar, hurðir, hurðarammar og þröskuldar, úr viði | stk | 6 | … | 451,5 |
| 20301300 | Aðrir smíðahlutir úr viði til húsasmíða ót.a[6] | … | 3 | … | 727,3 |
| | Útseld viðgerðarþjónusta í trjáiðnaði | • | 13 | • | 97,8 |
| | Önnur ótalinn framleiðsla úr tré | • | 18 | • | 2.568,6 |
| **21** | **Pappírsiðnaður** | | 3 | | **1.583,2** |
| **22** | **Útgáfustarfsemi og prentiðnaður** | | | | **22.567,5** |
| 2211 | Bókaútgáfa | stk | 16 | … | 3.070,5 |
| 22121 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku | stk | 3 | … | 9.844,0 |
| 22131100 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, sem koma út sjaldnar en fjórum sinnum í viku | stk | 13 | … | 1.734,5 |
| 22141150 | Útgáfa tónlistar á geisladiskum | stk | 4 | … | 592,7 |
| 2222 | Prentun | • | 31 | • | 6.912,0 |
| 2225 | Önnur þjónusta tengd prentiðnaði[7] | • | 6 | • | 413,7 |
| **24** | **Efnaiðnaður** | | | | **9.837,1** |
| 2430 | Málning, þekju-, fylli- og þéttiefni | kg | 3 | 2.022.833 | 934,8 |
| 246 | Annar efnaiðnaður[8] | … | 13 | … | 8.902,3 |
| **25** | **Gúmmí- og plastvöruframleiðsla** | | | | **5.793,7** |
| 251 | Gúmmívöruframleiðsla | … | 3 | … | 271,8 |
| 25221 | Umbúðaplast | … | 8 | … | 2.720,1 |
| 25231 | Byggingavörur úr plasti | … | 10 | … | 1.096,3 |
| 2524 | Aðrar plastvörur[9] | … | 15 | … | 1.705,4 |
| **26** | **Gler-, leir- og steinefnaiðnaður** | | | | **19.860,8** |
| 2611 | Glerplötur | m² | 4 | 15.534 | 124,0 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2006 (frh.)
*Table 2. Sold production 2006 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 261211900 | Plötugler (ekki ljóstæknigler) úr nr. 7003, 7004 eða 7005, beygt, unnið á köntum, greypt, borað, gljábrennt eða unnið á annan hátt, án annarra efna | kg | 4 | 78.184 | 163,2 |
| 261212300 | Annað hert öryggisgler, ót.a. | m² | 3 | 19.114 | 215,2 |
| 26121330 | Marglaga einangrunargler | m² | 5 | 107.201 | 601,4 |
| 265112300 | Portlandsement (ekki hvítsement) [10] | tonn | 1 | 141.443 | •. |
| 26611200 | Steyptar byggingareiningar úr sementi, steinsteypu eða gervisteini [11] | kg | 10 | … | 5.319,8 |
| 26631000 | Tilbúin steinsteypa | m3 | 13 | 620.642 | 6.030,5 |
| 2670 | Annar unninn steinn til höggmyndagerðar eða bygginga | … | 5 | … | 781,7 |
| 26821300 | Malbik | tonn | 3 | 320.933 | 1.772,2 |
| 26821610 | Gjallull, steinull o.þ.h., einnig blönduð, í lausu, í plötum eða rúllum | m3 | 1 | 228.367 | 993,8 |
| | Aðrar vörur ót.a. | • | … | • | 3.859,0 |
| **27** | **Framleiðsla málma** | | | | **67.327,5** |
| 27102020 | Kísiljárn | tonn | 1 | 113.798 | 5.991,2 |
| 27102090 | Annað járnblendi, ót.a. | tonn | 1 | 24.955 | 226,9 |
| 27421130 | Hreint, óunnið ál [12] | tonn | 2 | 328.424 | 59.544,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | • | … | • | 1.565,2 |
| **28** | **Málmsmíði og viðgerðir** | | | | **12.672,3** |
| | Málmsmíði | … | 91 | … | 7.191,1 |
| | Viðgerðir | • | 84 | • | 5.481,2 |
| **29** | **Vélsmíði og vélaviðgerðir** | | | | **11.841,2** |
| | Vélsmíði | … | 59 | … | 11.023,5 |
| | Viðgerðir | • | 31 | • | 817,7 |
| **31** | **Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja** | | | | **1.247,9** |
| | Nýsmíði | … | 11 | … | 685,9 |
| | Viðgerðir | • | 11 | • | 562,0 |
| **33** | **Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.** | | | | **5.479,5** |
| | Nýsmíði | … | 7 | … | 5.193,8 |
| | Viðgerðir | • | 7 | • | 285,7 |
| **34** | **Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla** | • | 7 | • | **397,0** |
| **35** | **Framleiðsla annarra farartækja** | • | 26 | • | **8.357,2** |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2006 (frh.)
*Table 2. Sold production 2006 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **36** | **Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður** | | | | **4.231,3** |
| 361 | Húsgagnaiðnaður | … | 32 | … | 3.611,1 |
| | Aðrar ótaldar viðgerðir í iðnaði | • | 9 | • | 322,1 |
| | Aðrar vörur ót.a | • | … | • | 298,1 |
| | **Alls** | | | | **356.755,8** |

[1] Þ.m.t. 15721030 - Hunda- og kattafóður.
[2] Þ.m.t. 158422531 - Konfekt, 158422902 - Páskaegg, 158422903 - íssósur og ídýfur og 158422800 - drykkjarvöruefni með kakói
[3] Þ.m.t. 158423200 - Lakkrís og lakkrísvörur, 15842355 - Hálstöflur, 15842363 - Sykurhúðaðar töflur, 15842365 - Gúmmí og ávaxtahlaup, 15842373 - Brjóstsykur, 15842375 - Karamellur.
[4] Þ.m.t. 17202000 - Ofinn dúkur úr baðmull
[5] Þ.m.t. 17104200 - Framleiðsla á ullargarni, ekki til smásölu
[6] Þ.m.t. 20302000 - Framleiðsla einingarhúsa og byggingareininga úr viði
[7] Þ.m.t. 2224 - Prentsmíð, 223 - fjölfaldaðir gagnamiðlar og fjölfaldað myndefni á myndbandsspólum
[8] Þ.m.t. 241 - Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar, 244 - framleiðsla á lyfjum og 245 - framleiðsla á sápum, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningarefnum og snyrtivörum
[9] Þ.m.t. 2521 Plötur, rör o.þ.h. úr plastefnum
[10] Vegna fæðar fyrirtækja er aðeins birt selt magn að gefnu leyfi fyrirtækisins. Verðmætatalan er hér inn í liðnum "aðrar vörur ót.a."
[11] Þ.m.t. 26611150 - Þaksteinn, flísar, hellur o.þ.h. vörur úr sementi
[12] Þ.m.t. 27422230 - Hleifar, stangir og prófílar úr hreinu áli

Hagtíðindi
Statistical Series
92. árgangur nr. 45
ISSN 0019-1078

**Iðnaður**
***Manufacturing***
2007:1
ISSN 1670-455X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4568 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 7*
Umsjón *Supervision* Þórarinna Söebech • thorarinna.soebech@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*